

Orðanefnd læknafélaganna - 103

Fundur var haldinn mánudaginn 18. desember 2023 kl. 16:30 að Arngrímsgötu 5, Reykjavík, í Eddu, húsi Stofnunar Árna Magnússonar og var þetta 103. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Gerður Aagot Árnadóttir Magnús Jóhannsson, Reynir Tómas Geirsson, Runólfur Pálsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 102. fundar (nr. 102, 9.október 2023), sem hafði verið send nefndarmönnum í tölvupósti, var formlega samþykkt.

2. Orðanefndarvinnan:

- a. **Hay fever.** Vegna fyrirspurnar voru teknar til umræðu 4 færslur í Íðorðasafni lækna þar sem enska heitið „hay fever“ kemur fyrir. Íslensku þýðingarnar eru „heymæði“ í tveimur, en ofnæmisnefkvef og frjókornaofnæmi í hinum tveimur. Nefndarmenn voru sammála um að íslenska heitið heymæði ætti aðeins við um farmer's lung (samheiti hay fever) og að enska heitið hay fever ætti ekki vel við um pollen allergy og allergic rhinitis. Vegna þess hve oft heitið hay fever er notað í ensku máli um allergic rhinitis var þó ákveðið að halda því þar inni sem samheiti.
- b. **Blæðingar.** Farið var yfir stuttan orðalista með læknisfræðilegum heitum sem tengjast blæðingum. Listinn er hluti af stærri orðalista sem Pétur Snæbjörnsson, læknir, sendi nefndinni til yfirferðar. Gengið var frá tillögum að þeim færslum sem þarf svo að senda Pétri til yfirferðar og umsagnar.
- c. **Eponyms.** Haldið var áfram umræðu sem hófst á 101. nefndarfundi 15. maí 2023. JHJ kynnti nú nýtt vinnublað með fjölda heita úr Íðorðasafni lækna, þar sem læknisfræðilegt fyrirbæri, s.s. sjúkdómur, teikn (sign), próf (test), aðferð (method), heilkenni (syndrome) o.m.fl., er kennt við tiltekinn einstakling, gjarnan þann sem fyrstur lýsti því (svonefnd nafnheiti). Taka þarf afstöðu til nokkurra sameiginlegra þátta, t.d. hvernig rita skuli erlenda nafnið í íslenska heitinu, þ.e. með erlenda rithættinum eða íslenskri aðlögun), hvort nota skuli stóran staf eða ekki og eignarfalls-s eða ekki, bandstrik eða ekki og einnig hvort nafnið eigi alltaf að vera fyrri hluti hins samsetta heitis.
- d. **Sýki.** JHJ kynnti langan lista af færslum með íslensku heitum sem enda á **-sýki**. Meiri hluti þessara heita vísa í sýkingarsjúkdóma, en í mörgum heitanna er þó ekki um sýkingu að ræða heldur aðra sjúkdóma, kvilla, mein eða veikindi af öðru tagi. Taldi JHJ að þörf væri nú komin á að fara yfir þessar færslur og endurskoða mörg heitanna, sérstaklega með tilliti til nýrri sjúkdómaflokkunarkerfa og vegna heita sem eru ekki í notkun lengur. Ákveðið var að láta endurskoðunina bíða um sinn, en taka málið upp síðar.

3. Önnur mál:

JHJ kynnti úrlausn á einni fyrirspurn sem hann hafði fengið og svarað að bragði.

Næsti fundur. Gert er ráð fyrir næsta fundi mánudaginn 22. janúar og fundarherbergið í Eddu hefur verið bókað.

Fundi var slitið um um kl. 17:30. Fundargerð ritaði JHJ.